

## Fundargerð

**stjórnarfundur Félagsbústaða nr. 9, haldinn  
25. mars 2021 kl. 15:00  
(fjarfundur)**

**Mætt:** Stjórnarmennirnir Haraldur Flosi Tryggvason, Heiða Björg Hilmisdóttir og Laufey Ólafsdóttir auk framkvæmdastjóra Félagsbústaða Sigrúnar Árnadóttur sem jafnframt ritaði fundargerð.

**1. Síðasta fundargerð**

Fundargerð 8. fundar lögð fram og samþykkt.

**2. Aðalfundur 2021**

Farið var yfir dagskrá fundarins og tillögur sem stjórn leggur fram á fundinum.

**3. Umboð til fasteignaviðskipta**

Fyrir fundinum lá tillaga til stjórnar um heimildir til fasteignaviðskipta fyrir hönd félagsins og til undirritunar skjala þar að lútandi og var eftirfarandi bókað.

Stjórn Félagsbústaða hf., kt. 510497-2799, veitir hér með Andrésí Ívarssyni, kt. 300776-5239, verkefnastjóra fasteignaviðskipta Félagsbústaða, fullt og ótakmarkað umboð til þess að skuldbinda félagið varðandi kaup og sölu fasteigna fyrir hönd félagsins. Umboðið nær til þess að undirrita öll nauðsynleg skjöl í því sambandi eins og kautilboð, gagntilboð, kaupsamninga, veðleyfi, afsöl og uppgjör sem og veðskuldabréf sem tengjast fasteignaviðskiptum.

Umboð þetta gildir þar til það hefur verið formlega afturkallað af lögmætri og rétt kjörinni stjórn félagsins hverju sinni.

Um leið er afturkallað og felld úr gildi nokkurn veginn samhljóða umboð Ómars Arasonar, kt. 091249-4729, dagsett 15. mars 2017.

**4. Fasteignakaup**

Kynnt voru áform um kaup íbúða af eignasjóði borgarinnar og gerð grein fyrir aðferð við verðmat fasteignanna.

Stjórn samþykkir kaupin.

**5. Áhrifaskýrsla og sjálfbærnistefna**

Drög að áhrifaskýrslu vegna útgáfu félagslegra skuldabréfa voru lögð fram ásamt drögum að sjálfbærnistefnu.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

## 6. Árangursmat stjórnar

Rætt var um árangursmat stjórnar.

Stjórnin fól framkvæmdastjóra að undirbúa framkvæmdina.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.30.

Haraldur Flosi Tryggvason sign.

Heiða Björg Hilmisdóttir sign.

Laufey Ólafsdóttir sign.

Sigrún Árnadóttir sign.